

Ed.

92. Frumvarp til umferðarlaga.

[18. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 22 með þessum breytingum:

23. gr. hljóðar svo:

Erlend ökutæki, sem nota má hér á landi um stundarsakir samkvæmt alþjóðasamningum, sem Ísland er aðili að, skulu fullnægja ákvæðum 5.—10. gr. Ökutæki, sem eru skráningarskyld samkvæmt 11. gr., má nota án skráningar hér á landi, ef þau eru löglega skráð í heimalandi, enda sé á þeim þjóðernismerki, auk skráningarmerkis, sbr. þó 3. mgr.

Í reglugerð skal kveðið á um eftirlit með erlendum ökutækjum, hve lengi þau mega vera hér á landi, tilkynningu þeirra og skráningu.

Ef eigandi (umráðamaður) skráningarskylds ökutækis, sem flutt hefur verið hingað frá útlöndum, er búsettur hér á landi, skal skrá ökutækið hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða afhenda honum skráningarmerki þess innan hálfes mánaðar, eftir að það kom til landsins. Taki eigandi (umráðamaður) hins erlenda ökutækis sér búsetu hér á landi, eða ef ökutækið verður eign aðila, sem hér er búsettur, skal skrá ökutækið eða afhenda hin erlendu skráningarmerki innan hálfes mánaðar.

50. gr. hljóðar svo:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Útan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund.

Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3.5 smálestir eða meira að heildarþyngd, má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- eða festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Í kaupstöðum og kaupsýnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.